HNE
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
Akureyrardeild · Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 462 4431 · Fax: 461 2396 · Netfang: hne@hne.is
Húsavíkurdeild · Hafnarstétt 3 · 640 Húsavík · Símar: 464 2690 og 898 8340 · Netfang: oggi@hne.is

STARFSLEYFI

Norðurorka hf.

Kt. 550978-0169
Rangárvöllum
603 Akureyri

-Metanstöð-

Rekstraraðili:
Norðurorka hf., kt. 550978-0169, Rangárvöllum, 603 Akureyri

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda, sem og almennum starfsskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna mengunarvarna.

Starfsleyfið gildir fyrir söfnun hauggass frá aflögðum urðunarstað á Glerárdal, flutning, hreinsun og þjöppun metans og mannvirki sem því tilheyra, þ.e. hauggaslagnir, hreinsistöð við Breiðholtsveg og þjöppustöð við Súluveg, ásamt metanafgreiðslustöð við Súluveg.

Starfsleyfið byggir á eftirfarandi flokkum í Fylgiskjali 2 með reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit:
Grein 8.5. Endurnýting úrgangs.
Grein 9.11. Gasbirgðastöð með > 100 m^3 geymslurými (STP).
Grein 7.17. Önnur sambærileg starfsemi fyrir vélknúin farartæki.

Rekstraraðili skal fylgjast með eftirfarandi þáttum í affallsvatni frá starfseminni: hitastigi, sýrustigi (pH) og brennisteinsvetni (H_2S) með reglulegum mælingum.

Framsal þessa leyfis er óheimilt.
Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.
Starfsleyfið var samþykkt á fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra þann 24.júní 2015 og **gildir til 12 ára eða til 24.júní 2027**.

Akureyri, 31.júlí 2015

María Markúsdóttir
heilbrigðisfulltrúi